

Fimmtudaginn 7. júlí 1994.

Nr. 6/1998.

**Alþýðusamband Íslands f.h.  
Sjómannasambands Íslands  
v/Sjómannasambands Hafnarfjarðar**

(Björn L. Bergsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.  
Landssambands ísl. útvegsmanna  
v/Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar  
v/Hvals hf.**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Málið, sem dómtekið var 29. júní sl., höfðaði Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Sjómannasambands Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík, v/Sjómannasambands Hafnarfjarðar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna, Hafnarhvoli v/Tryggvagötu, v/Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar v/Hvals hf., Reykjavíkurvegi 46–48, Hafnarfirði fyrir Félagsdómi með stefnu þingfestri 25. maí sl.

Dómkröfur:

Dómkröfur stefnanda eru, að dæmt verði að réttur sé sá skilningur stefnanda að ákvæði gildandi kjarasamnings málsaðila um síldveiðar þegar afli er frystur um borð í kafla 6.2, verði talinn gilda um síldveiðar b/v Venusar HF 519 þegar hann stundar síldveiðar með vörpu og frystir aflann um borð. Jafnframt er þess krafist að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

*Málavextir.*

Haustið 1993 fékk útgerð b/v Venus HF 519, sem er frystitogari, leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til að stunda í atvinnuskyni síldveiðar með vörpu og frysta aflann um borð. Í veiðiferðum skipsins í nóvember – desember 1993 var síldaraflinn frystur um borð.

Pann 10. nóv. 1993 sendi lögmaður og skrifstofustjóri LÍÚ Hólmeiri Jónssyni framkvæmdastjóra Sjómannasambands Íslands símbréf. Í bréfi þessu segir m.a.: „Kristján Loftsson vill að þið svarið því strax hvort þið ætlið að fylgja þessum nótaveiðisamningi eftir þannig að mannskapurinn fengi um 50% með öllu. Sé svarið já, ætlar hann að kalla togarann strax inn og hætta þessu því hann nennir ekki að standa í svona rugli og ég ekki heldur.“ Sjómannasamband Íslands sendi útgerð skipsins bréf 11. nóvember 1993 þar sem bent var á að í kjarasamningi milli SSÍ og LÍÚ kafla VI á bls. 47 sé sagt til um skiptakjör o.fl. fyrir síldveiðar þegar veiðiskip frystir eigin afla um borð. Þar sem enginn annar kjarasamningur sé í gildi fyrir síldveiðar þegar aflinn er frystur um borð líti Sjómannasamband Íslands svo á að sá samningur gildi vegna síldveiða b.v. Venusar HF-519. Samningurinn gildi nema um annað verði samið. Í svarbréfi útgerðarinnar, dags. 16. nóvember 1993, segir svo: „Vér mótmælum skilningi yðar hvað varðar skiptakjör er gert verður upp við áhöfn frystitogara vors, Venus HF 519, vegna veiða og frystingar síldar um borð. Sá kafli er þér vísið til í téðu bréfi yðar á við um venjubundin nótaskip með áhöfn um 15 menn. Hvað varðar frystitogarann Venus HF 519 þá eru skiptakjör áhafnarinnar samkvæmt kafla 5.2. á blaðsíðu 39 í kjarasamningsbók útgefinna af SSÍ og LÍÚ (prentun 1991) en þar segir eftirfarandi: „5.2 frystitogarar. 5.21 Togari sem frystir aflann um borð.“, „Í áhöfn frystitogarans Venus HF 519 eru 26 menn. Það getur varla verið ætlan Sjómannasambands Íslands að sagt verði upp um 11 manns úr áhöfn Venusar HF 519?“

Ágreiningur málsaðila er um það, hvort ákvæði um frystitogara gr. 5.2. í kjarasamningi S.S.Í. og L.Í.Ú. taki til síldveiða frystitogarans Venusar HF 519 eins og L.Í.Ú. heldur fram eða hvort ákvæði samningsins um síldveiðar, þegar afli er frystur um borð, gr. 6.2 taki yfir þessar veiðar eins og S.S.Í. heldur fram.

Útgerð frystitogarans Venus HF 519 gerði upp við áhöfnina skv. kafla 5.2. í kjarasamningi aðila.

#### *Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að fordæmi séu fyrir því að frystitogarar, sem venjulega frysti bolfisk um borð, fari á rækjuveiðar hluta ársins þar sem þeir hafi veiðiheimildir á rækju. Hingað til hafi verið ágreiningslaust milli málsaðila að þegar frystitogari skipti yfir á rækjuveiðar gildi kjarasamningur um rækjuveiðar þegar aflinn

er frystur um borð. Á frystitogurum greiðist 10% álag á aflahlut sjómanna þegar bolfiskur er unninn og frystur um borð. Á rækjuveiðum greiðist hins vegar ekki 10% álag á aflahlut þótt afli sé frystur um borð. Sjómannasamband Íslands telji skilning málsaðila varðandi uppgjör til manna þegar frystitogari skipti yfir á rækjuveiðar vera fordæmi fyrir því að fara eigi eftir þeim samningi sem gildi fyrir viðkomandi veiðar en ekki eftir því hvaða skip eigi í hlut og beita beri síldarkafla samningsins með sama hætti. Í tilviki b/v Venusar HF 519 ætti því kjarasamningur fyrir síldveiðar þegar afli er frystur um borð að gilda vegna síldveiða skipsins, enda þótt það flokkist sem frystitogari að öðru leyti.

Samkvæmt kjarasamningi fyrir frystitogara sem frystir bolfisk um borð sé skiptaprósentan 32,5% þegar 26 menn eru í áhöfn, sbr. gr. 5.22. Auk þess greiðist 10% álag á aflahlut hvers og eins, sbr. gr. 5.27. Samkvæmt kjarasamningi um síldveiðar þegar afli er frystur um borð er skiptaprósentan 31% þegar 15 menn eru í áhöfn, sbr. gr. 6.21. í kjarasamningi. Fyrir hvern mann umfram 15 í áhöfn skipsins hækki skiptaprósentan um 1,3. Miðað við 26 menn í áhöfn sé skiptaprósentan því 45,3%. Ekkert álag sé greitt á aflahlut á síldveiðum þegar afli er frystur um borð.

Á tímabilinu 5. nóvember til 22. nóvember 1993 hafi verið fryst um borð í b/v Venusi 331.236 kg af síld. Heildaraflaverðmæti síldar miðað við fob söluskilmála hafi verið kr. 22.679.627. Skiptaverðmæti samkvæmt kjarasamningi séu 74,5% af fob verðmæti aflans eða kr. 16.896.322. Með því að gera upp við hvern háseta á grundvelli þeirra ákvæða kjarasamnings að um sé að ræða bolfisk sem frystur er um borð og að teknu tilliti til 10% álags vegna sjófrystingar sé aflahlutur hvers háseta kr. 255.951 með orlofi. Sé hins vegar miðað við þau ákvæði kjarasamnings sem gilda um síldveiðar þegar afli er frystur um borð verði sami háseta hlutur kr. 324.325. Það er því mikill munur á launum háseta eftir því hvaða ákvæði kjarasamnings eru notuð.

Stefnandi byggir á því að í gildandi kjarasamningi málsaðila séu ákvæði um almennar veiðar (bolfiskveiðar) frystitogara í gr. 5.2. Hins vegar séu einnig ákvæði í samningnum um sérveiðar, sbr. VI. kafla um síldveiðar með hringnót, sbr. gr. 6.01., um síldveiðar með flotvörpu, sbr. 6.02., um síldveiðar með reknetum, sbr. gr. 6.03., og sérákvæði um síldveiðar þegar afli er frystur um borð, sbr. gr. 6.2.

Ákvæði kjarasamnings um síldveiðar í VI. kafla taki þess vegna til allra síldveiða, en þar að auki séu í gr. 6.2. sérákvæði um síldveiðar þegar afli er frystur um borð. Stefndi Hvalur hf. byggi hins vegar á því, sbr. bréf dags. 16. nóvember 1993, að samningur málsaðila um síldveiðar þegar afli er frystur um borð eigi aðeins við um venjubundin nótaskip með áhöfn um 15 menn. Þessu er mótmælt. Eins og fram komi í umræddum samningi, gildi hann um „síldveiðar þegar afli er frystur um borð“. Hvergi sé orði að því vikið í samningnum að hér sé fyrst og fremst átt við nótaveiðar, en ekki síldveiðar þegar frystitogari á í hlut. Grundvallaratriði þessa máls sé að í gildi sé milli aðila kjarasamningur sem taki til þeirra veiða sem stundaðar eru á b/v Venusi. Samningurinn sjálfur geri ráð fyrir því að skipta-prósentan hækki um 1,3 prósentustig fyrir hvern mann umfram 15, án þess að fjöldi skipverja sé takmarkaður á einn eða annan hátt. Það sé að vísu rétt að hin venjubundna síldveiði sé nótaveiði. Ef frystitogarar fái hins vegar leyfi til þess að stunda síldveiðar með sínum aðferðum og frysta aflann um borð, sé augljóst að um þær veiðar skuli fara eftir gr. 6.2. í kjarasamningi. Öðrum ákvæðum um þessar veiðar sé ekki til að dreifa í kjarasamningi aðila og fráleitur sá skilningur stefnda að sérákvæði kjarasamnings um frystitogara eigi við í þessu tilfelli. Þau ákvæði taki til hefðbundinna bolfiskveiða, sem lýsi sér m.a. í því að á þeim veiðum sé álag á aflahlut 10% vegna sjófrystingar, sem ekki eigi við í þessu tilfelli.

Stefnandi byggir á því að þó nokkur reynsla sé komin á það hvernig beri að túlka svipuð tilvik þegar frystitogarar eiga í hlut. Er þar bent á rækjuveiðar. Stefnandi heldur því fram, að þegar frystitogari skiptir yfir á rækjuveiðar skuli sérákvæði kjarasamnings um rækjuveiðar gilda þegar aflinn er frystur um borð. Hefðbundnar rækjuveiðar fari fram með öðrum hætti en þeim að frystitogarar eigi í hlut. Hins vegar séu sérákvæði gildandi kjarasamnings um rækjuveiðar fyrst og fremst um veiðarnar sjálfar og skiptakjör á rækjuveiðum, en ekki um tegund báta eða veiðarfæra sem veiðarnar stunda. Niðurstaða Félagsdóms í þessu máli hljóti þannig að snerta sjómenn á frystitogurum almennt, sem tímabundið stunda aðrar veiðar en hefðbundnar bolfiskveiðar, svo sem eins og á rækju.

Stefnandi byggir á þeirri grundvallarreglu varðandi túlkun kjarasamninga að orðalag þeirra skuli gilda nema báðir aðilar hafi ætlað annað. Í gildandi samningi um síldveiðar þegar afli er frystur um

borð séu tæmandi talin öll kjaraatriði. Hafi það verið ætlun stefnda að undanskilja einhverjar síldveiðar sérstaklega, þegar afli er frystur um borð, hefði það átt að koma fram í samningnum sjálfum. Áður en veiðar þessar hófust hafi stefndi enga tilraun gert til þess að leita hófanna um sérstakan samning vegna þessara veiða, sem hefði auðvitað verið rétt ef hér var einhver afgerandi nýjung á ferðinni. Hins vegar sé fráleitt að fella þessar veiðar undir hefðbundnar bolfiskveiðar frystitogara, enda verði almenn ákvæði kjarasamnings að víkja fyrir sérákvæðum þegar þau eru ekki samhljóða. Stefndi Hvalur hf. hafi hins vegar tekið einhliða upp hjá sér að miða uppgjör þessara umdeildu síldveiða við hefðbundin frystitogarakjör þegar bolfiskur er frystur um borð og skeyti þar með ekki um sérsamninga um síldveiðar.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram að engar kröfur eða kvartanir hafi borist frá skipverjum á frystitogaranum hvorki fyrr né síðar. Þar sem ekkert svar hafi borist frá S.S.Í. við bréfi skrifstofustjóra L.Í.Ú. 10. nóvember hafi síldarfrystingu verið haldið áfram í trausti þess að fallið hefði verið frá því að krefjast þess að gert yrði upp skv. síldarbátasamningum og að nú sem endranær yrði farið eftir frystitogarasamningnum.

Af hálfu stefnda er þeim fullyrðingum stefnanda að málsaðilar séu sammála um að þegar frystitogari skiptir yfir á rækjuveiðar þá skuli sérákvæði kjarasamnings um rækjuveiðar gilda þegar afli er frystur um borð, mótmælt. Því er mótmælt að dæmi um slíkt, ef til eru, kunni að hafa hugsanlegt fordæmisgildi í þessu ákveðna dómsmáli.

Þann 13. apríl 1982 hafi verið gerður á Akureyri kjarasamningur milli L.Í.Ú. annars vegar og hins vegar S.S.Í., F.F.S.Í. og V.S.F.Í. um kaup og kjör á skuttogurum, sem frysta aflann um borð. Kjara-samningur þessi, sem síðar hafi verið felldur inn í rammasamning L.Í.Ú. og sjómannasamtakanna með einhverjum breytingum hafi verið almennur samningur og skyldi gilda, þegar afli væri frystur um borð í frystitogara. Í samningnum sé ekki tekið fram, að hann gildi eingöngu, þegar sumar fisktegundir eru frystar, en ekki þegar aðrar fisktegundir eru frystar. Hafi þessi samningur verið notaður, þegar hinar ýmsu fisktegundir hafa verið frystar, t.d. úthafskarfi, sem sé veiddur utan 200 sjómílna landhelginnar. Megi segja, að ekki hafi

hvarflað að mönnum árið 1982 að frystitogararnir ættu eftir að stunda úthafskarfaveiðar. Engin krafa hafi komið fram um sérstakan samning um veiðar og vinnslu úthafskarfa um borð í frystitogurum, frekar en um aðrar tegundir, sem frystitogarar fóru síðar að veiða í miklum mæli, eins og t.d. grálúðu og blálöngu. Árið 1993 hafi Venus HF-519 fryst 19 fisktegundir.

Síðla sumars 1988 hafi útgerðarmaður nótaskipsins Jóns Finnssonar RE-506 gert sérsamning við S.S.Í. og F.F.S.Í. um veiðar á síld, þegar aflinn er frystur um borð. Hafi verið samið m.a. um það, að skipstjórinn hefði 6,4% í hlut, eins og á öðrum nótaveiðum, sem er rúmlega þrjú hásetahlutir. Skipstjórar á öllum öðrum fiskiskipum hafi tvo hluti. Ákvæði 3. og 4. töluliðar þessa samnings hafi verið hafður á þeim tíma í samræmi við frystitogarasamninginn, og tekið þar fram, að öðru leyti skuli gilda hin almennu ákvæði frystitogarasamningsins. Samkomulag þetta hafi gilt til 31. desember 1988. Þetta hafi verið einstaklingsframtak útgerðarmannsins án samráðs við L.Í.Ú. og orðið til þess að á næsta aðalfundi L.Í.Ú. í nóvember 1988 hafi verið samþykkt eftirfarandi breyting á samþykktum L.Í.Ú. „Útvegsmannafélagi eða einstökum útvegs mönnum skal óheimilt að gera kjarasamning við samtök sjómanna eða einstakar skipshafnir án samráðs við og með samþykki stjórnar sambandsins“.

Þann 13. október 1989 hafi L.Í.Ú. og sjómannasamtökin gert með sér kjarasamning um þessar veiðar nótabáta, sem frysta aflann um borð, en auk Jóns Finnssonar RE-506, hafi nótaskipið Stafnes KE-130 og fleiri nótaskip stundað síldveiðar og fryst aflann um borð. Jón Finnsson RE-506 hafi stundað nótaveiðar og fryst síld árin 1988-1990, en árið 1991 hafi síldarkvótinn verið tekinn af skipinu. Enginn frystitogari hafi stundað síldveiðar, fyrr en Venus HF-519 árið 1993, eingöngu nótaskip.

Helstu rök stefnda fyrir sýknukröfu sinni eru þessi:

Fyrir liggja almennur frystitogarasamningur, þar sem engin einstök fisktegund sé undanskilin. Ekki heldur frýsting á síld. Til þess að annar samningur geti gilt fyrir síldveiðar en hinn almenni frystitogarasamningur þurfi að liggja fyrir að til sé slíkur sérsamningur um síldarfrýstingu frystitogara. Engir sérsamningar um frýstingu á einstökum fisktegundum sé til varðandi frystitogara og gildi því almenni frystitogarasamningurinn um allar veiðar þeirra, hvaða fisktegund sem veidd er, nema samið verði sérstaklega um annað.

Til sé sérsamningur um síldarfrystingu, þar sem samið sé sérstaklega og eingöngu um síldarfrystingu nótabáta. Þótt ekki sé það berlega nefnt í heiti samningsins, þ.e. haus samningsins. Sé samningsaðilum þetta fullljóst, þ.m.t. framkvæmdastjóra stefnanda, sem sjálfur hafi tekið þátt í samningum um síldarfrystingu nótabáta 1989. Virðist þessi málshöfðun vera sett fram fyrst og fremst til þess að setja samningspressu á L.Í.Ú., enda hafi það verið krafa S.S.Í. að L.Í.Ú. geri sérsamninga um ýmsar veiðar við S.S.Í., sem ekki hafi gengið eftir undanfarin misseri, nema að hluta.

Þótt það standi ekki berum orðum, að átt sé við síldarbáta, en ekki frystitogara, þá komi það fram með einum eða öðrum hætti í kjarasamningabókinni milli S.S.Í. og L.Í.Ú. útgefinni 1991. Megi nefna sem dæmi:

1. Að greiða skipstjóra 6.4% í hlut, sem geri þrjá hásetahluti þekktist ekki nema á síldar- og loðnubátum, sem stunda nótaveiðar.
2. Á frystitogurum starfa 24-26 menn, en á bátum, sem stunda síldveiðar í nótt og frysta aflann um borð starfa 14-16 menn. Útilokað sé að samið hafi verið um aðeins 15 menn sem viðmiðun í áhöfn á frystitogara, sem fari á síldveiðar, ef 24-26 menn þurfi til að geta stundað veiðar og fryst aflann.
3. Útilokað sé, að samningamenn L.Í.Ú. semji um gersamlega óraunhæfa mannatölu og skiptaprósentu um leið, sem hleypi launakostnaðinum upp í tæp 50% af fob-verðmæti aflans á móti rúmlega 35% á frystitogurunum þannig að ekki verði hægt að gera út frystitogarann.
4. Eigi síldarfrystisamningur síldarbáta, sbr. 6.2. gr. að gilda yfir frystitogarana, þá leiði það til þess, að ekki gildi lengur almenn ákvæði samningsins varðandi frystitogarana, heldur almenn ákvæði bátakjarasamninganna um síldveiðar, sbr. gr. 6.24. Sjá í þessu sambandi gr. 7.2 um frystingu loðnu á loðnuskipum, sbr. gr. 7.24. Sjá gr. 5.4. um báta, sem frysta bolfisk um borð, sbr. gr. 5.47. Í öllum þessum þremur tilvikum sé um að ræða báta, sem frysta aflann, enda vísað varðandi þessa báta í almenn ákvæði bátakjarasamninga viðkomandi veiðigreina, þ.e. síld, loðnu eða botnvörðu.
5. Eigi frystitogarasamningurinn ekki við varðandi frystitogarann Venus HF-519, þegar hann stundar síldarfrystingu, þá yrði að fara alfarið eftir almennu bátakjarasamningunum varðandi síld-

veiðar. Það þýði, að gert yrði upp mánaðarlega, eins og á bátunum, sbr. 1. mgr. gr. 1.09. um tryggingatímabil, en ekki eftir hverja veiðiferð, eins og er á frystitogurum, sbr. gr. 5.26. Ekki verði þá lengur um að ræða 48 klst. frí eftir hverja veiðiferð, eins og á frystitogurunum, heldur eins og segir í gr. 6.05. Ekkert 10% álag á aflahlut greiðist þá, eins og á frystitogurunum. Engir hlífðarfatapeningar greiðist og aukahlutir þeirra sem annast fiskvinnsluvélarnar detti út o.s.frv., sé ekki farið lengur eftir frystitogarasamningnum.

Þá bendir stefndi á, að í síðustu veiðiferðinni, sem hófst þann 8. desember og lauk þann 23. desember 1993 hafi frystitogarinn Venus HF-519 veitt í sömu veiðiferðinni bæði síld og annan fisk sem allt hafi verið gert upp eftir frystitogarakjörum eins og allur afli sem frystitogarinn veiðir. Ógerningur hefði verið að notast bæði við frystitogarasamning og síldarbátasamning í sömu veiðiferðinni varðandi uppgjör, hafnarfrí, frystiálag, aukahluti, jólafrí o.fl.

Sú grundvallarregla hljóti að gilda, að ákvæði almenns samnings gildi, nema hægt sé að sýna fram á og sanna, að sérsamningur sé til sem taki yfir hið tilgreinda samningssvið. Síldarveiðisamningurinn sem stefnandi vitni til taki ekki til frystitogara, heldur hafi eingöngu verið samið, fyrst árið 1988 og síðan 1989, um veiðar báta sem stunda síldveiðar í nótt og frysta aflann um borð og miðað við nótaveiðar. Fari frystitogari á síldveiðar, þá gildi hinn almenni frystitogarasamningur að öllu leyti, nema samningsaðilar semji sérstaklega, að á frystitogurum, sem frysta síld skuli gilda önnur kjör, en hinn almenni frystitogarasamningur segir. Slíkur samningur hafi ekki verið gerður milli L.Í.Ú. og sjómannasamtakanna. Sé þar af leiðandi ekki hægt að viðurkenna dómröfu stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum þeir Gísli Jóhannesson útgerðarmaður Jóns Finnssonar RE-506 og Hólmgeir Jónsson framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands.

Fram kom hjá Gísla Jóhannessyni að lítil munur sé á vinnu við að frysta rækju um borð og síldarfrystingu. Nótaskipið Jón Finnsson sé 800 tonn að stærð.

Fram kom hjá Hólmgeiri Jónssyni, að þegar frystitogarar fara tímabundið á rækjuveiðar þá sé farið eftir rækjuveiðisamningi. Hólmgeir nefndi sem dæmi b/v Hrafn Sveinbjarnarson. Venjulega sé áhöfnin á skipinu 24-26 menn en þegar rækja er fryst hafi mönn-



um verið fækkað í 16. Sama sé um b/v Hólmadrang þegar hann fari tímabundið á rækjuveiðar þá sé mönnum fækkað úr 26 í 16. Nýlega hafi menn farið að veiða humar í tvíburatroll og hafi þá verið fjölg- að í áhöfn úr 6 í 9 en ekki hafi skiptaprósenta til áhafnar verið hækkuð þess vegna heldur vísað í gildandi samning.

*Niðurstaða.*

Málið snýst um túlkun á gildandi kjarasamningi aðila sem lagður hefur verið fram sem dskj. 12. Í I. kafla samningsins eru almenn ákvæði. Í köflum II til XII eru sérákvæði um ýmiskonar veiðar og er þar miðað við mismunandi veiðifæri í köflum II til V og mismunandi veiðigreinar í köflum VI – XII, svo sem línuveiðar í II. kafla, netaveiðar í III. kafla, veiðar með dragnót í IV. kafla, botnvörpuveiðar í V. kafla, síldveiðar í VI. kafla, loðnuveiðar í VII. kafla, humarveiðar í VIII. kafla, rækjuveiðar í IX. kafla og svo framvegis. Í sérveiðigreininum rækjuveiðum, síldveiðum og loðnuveiðum eru mismunandi kjör eftir því hvernig gengið er frá afla.

V. kafli kjarasamningsins er um botnvörpuveiðar og skiptist í fjóra undirkafla, þ.e. 5.0. um bátaveiðar, 5.1. um skuttogara, 5.2. um frystitogara, 5.4. um báta sem frysta bolfisk um borð. Í gr. 5.22. eru tilgreind skiptakjör áhafnar á frystitogara, sem stundar botnvörpuveiðar og frystir aflann um borð. Greinin er svohljóðandi:

- „5.22 Um skiptakjör.  
 30.5% miðað við 20 menn  
 31.0% miðað við 21 mann  
 31.5% miðað við 22 menn  
 31.5% miðað við 23 menn  
 31.5% miðað við 24 menn

Fyrir hvern mann sem er um borð umfram framangreindan fjölda skal skiptaprósentan hækka um 0.5% til og með 31. manni“.

VI. kafli samningsins skiptist í tvo undirkafla, þ.e. 6.01. til 6.11. al- menn ákvæði um síldveiðar með hringnót, flotvörpu og reknetum og kafli 6.2. sérákvæði um síldveiðar þegar afli er frystur um borð. Í gr. 6.21. eru tilgreind skiptakjör áhafnar á síldveiðum þegar afli er frystur um borð. Greinin er svohljóðandi:

„6.21. Um skiptakjör.

Á síldveiðum þegar afli er frystur um borð skal hlutur skipverja af skiptaverðmæti vera sem hér segir.

Á skipum 111–300 rúml., 31,0% í 13 staði

Á skipum 301–500 rúml., 31,0% í 14 staði

Á skipum > 500 rúml., 31,0% í 15 staði.

Séu fleiri menn á skipi en að ofan greinir, hækkar skiptaprósentan um 1,3 prósentustig fyrir hvern mann, sem umfram er.“

Fram er komið að þá er gildandi kjarasamningur var gerður voru ekki og höfðu ekki verið stundaðar síldveiðar á frystitogurum. Strax í fyrstu síldveiðiferð b/v Venusar HF 519 var ágreiningur um kjör skipverja, þ.e. hvort um skiptakjör þeirra skyldi fara eftir grein 6.21. í kjarasamningi aðila eða grein 5.22. Gert var upp við skipverja samkvæmt grein 5.22.

Fyrir liggur að hinar umdeildu síldveiðar voru nýjung að því leyti að frystitogarar höfðu ekki stundað slíkar veiðar. Hefur stefndi haldið því fram að skiptakjör skv. gr. 6.21. séu óeðlileg vegna mönnunar skipsins og ákvæði kjarasamningsins rækjust á með tilliti til uppgjörstímabila, fría o.fl. og uppgjör blandaðs afla yrði illframkvæmanlegt. Í þessu sambandi er rétt að fram komi, að óumdeilt er að haga má mönnun með tilliti til veiða og einnig að um uppgjör fer að öllu leyti eftir ákvæðum um viðkomandi veiðigrein ef afli er blandaður. Þá er upplýst um dæmi þess að farið hefur verið eftir IX. kafla kjarasamningsins um rækjuveiðar þegar frystitogarar stunda slíkar veiðar. Að þessu virtu þykja hvorki nein eðlisrök né framkvæmd geta leitt til þess að umræddur kjarasamningur verði skýrður á annan hátt en skv. orðan sinni varðandi deilufenið.

V. kafli kjarasamningsins gildir um botnvörpuveiðar og VI. kafli um síldveiðar. Hér var um að ræða síldveiðar í flotvörpu en ekki botnvörpuveiðar. Þegar af þeirri ástæðu og samkvæmt skýlausum ákvæðum kjarasamningsins falla hinar umdeildu veiðar undir VI. kafla hans og þar sem afli var frystur um borð gilda ákvæði kafla 6.2. í kjarasamningnum enda eru ekki ákvæði um stærðartakmarkanir á skipum sem notuð eru við þessar veiðar.

Niðurstaða málsins verður því sú að kröfur stefnanda eru teknar til greina.

Samkvæmt 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 80.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákvæði kafla 6.2, um síldveiðar þegar afli er frystur um borð, í kjarasamningi milli Sjómannasambands Íslands og

Landssambands ísl. útvegsmanna gilda um síldveiðar b/v Venusar HF 519 með vörpu þegar afli er frystur um borð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna v/Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar v/Hvals hf. greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands v/Sjómannafélags Hafnarfjarðar, kr. 80.000 í málskostnað.

### S é r a t k v æ ð i

#### **Björns Helgasonar og Valgeirs Pálssonar.**

Með sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins fór frystitogarinn Venus HF-519 þrjár veiðiferðir síðla árs 1993, þar sem einkum var veidd síld til frystingar um borð í skipinu. Aðila greinir á um það hvort laun sjómanna í þessum veiðiferðum skuli ákveðin samkvæmt kafla 5.2. eða kafla 6.2. í gildandi kjarasamningi.

Í kafla 5.2. er samkvæmt yfirskrift kaflans fjallað um ákvörðun launa (þ.m.t. skiptaprósentu) sjómanna um borð í frystitogurum. Þessi kafli samningsins er að stofni til kjarasamningur frá 1982 um launakjör háseta um borð í frystitogurum, er útgerð slíkra skipa hófst hér á landi. Er óumdeilt að Venus er frystitogari og kjör sjómanna fara að jafnaði eftir þessum kafla kjarasamningsins, þegar skipið er við bolfiskveiðar og með botnvörpu.

Í kafla 6.2. er fjallað um kjör sjómanna á síldveiðum, þegar afli er frystur um borð. Upphaflega var þessi kafli í kjarasamningnum samkomulag, sem gert var árið 1988 á milli annars vegar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og hins vegar útgerðar Jóns Finnssonar RE-506. Jón Finnsson, sem er nótaveiðiskip, var þá að hefja í fyrsta sinn síldveiðar í hringnót með það fyrir augum að frysta aflann um borð. Þegar samningur þessi var gerður á sínum tíma og hann síðan felldur inn í heildarkjarasamning aðila var ekki haft í huga að þessi hluti heildarkjarasamningsins skyldi enn fremur eiga við um kjör sjómanna á frystitogurum við síldveiðar, enda var þá ekki fyrirséð að til þess ætti eftir að koma, að síldveiðar til frystingar um borð yrðu stundaðar á frystitogurum.

Nokkurrar ónákvæmni virðist gæta í rökvissri uppbyggingu heild-

arkjarasamningsins, m.a. varðandi heiti aðalkafla og undirkafla og niðurröðun einstakra samninga í þá. Er hér væntanlega við báða aðila að sakast. Er varhugavert að láta heiti kafla láta ráða úrslitum um gildissvið hvers kafla eða undirkafla.

Í áhöfn Venusar HF-519 eru að jafnaði 26 manns, en á nótaveiðiskipum eins og Jóni Finnssyni RE-506 eru á hinn bóginn um 15 til 16 manns. Þegar litið er til þessa, forsögu og skilnings samningsaðila við gerð hinna umdeildu samningsákvæða eru öll eðlisrök, sem hníga að því að ákvæði í kafla 5.2. eigi að gilda um veiðar frystitogara, jafnvel þótt um sé að ræða síldveiðar og frystingu aflans um borð. Ákvæði kafla 6.2., sem fyrst og fremst eiga við um síldveiðar nótaveiðiskipa, eru svo eðlisólík þeim samningsákvæðum, sem gilda um frystitogara, bæði hvað varðar sögulegan bakgrunn og fjölda áhafnarmedlima, að ótækt er að láta þann kafla kjarasamningsins gilda um síldveiðar frystitogara. Þessu getur ekki breytt þótt hinum upphaflega frystitogarasamningi hafi verið fundinn staður í þeim kafla (5. kafla) heildarkjarasamningsins, sem fjallar um botnvörpuveiðar, enda var endanlegt leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til útgerðar Venusar HF-519 bundið við veiðar í vörpu en ekki í nótt.

Upplýst er í málinu, að útgerðir tveggja til þriggja frystitogara hafi fallist á að miða við ákvæði kjarasamningsins um rækjuveiðar, þegar skip þessi hafa verið á rækjuveiðum. Ósannað er að útgerðir þessara skipa hafi samið um þessi atriði með vitund eða samþykki Lands sambands íslenskra útvegsmanna. Ákvarðanir einstakra útgerðarmanna um kjör á frystitogurum geta því ekki talist bindandi fyrir aðrar útgerðir og ekki verður séð að með þessum fáu dæmatilvikum hafi skapast fordæmi eða venja, sem útgerð Venusar getur verið bundin af.

Verður að telja samkvæmt því sem nú hefur verið rakið, að kafla 5.2. í kjarasamningi eigi að gilda um launakjör sjómanna um borð í Venusi HF-519, er skipið stundar síldveiðar með vörpu og affli er frystur um borð. Því ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 80.000,00 í málskostnað.